



Rannsóknastefna Vegagerðarinnar

Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Rannsóknastefnan tekur mið af hlutverki og markmiðum stofnunarinnar, og er megintilgangurinn með henni að vinna á markvissan hátt að því að greina þörf á mismunandi sviðum, forgangsraða verkefnum og gera rannsóknir skilvirkari.

Helstu þættir í rannsókn- og þróunarstarfi hjá Vegagerðinni eru:

- að hafa frumkvæði að rannsókn- og þróunarstarfi sem stuðlar að því að Vegagerðin geti uppfyllt markmið sem sett eru fram á hverjum tíma
- að afla nýrrar þekkingar á sviði vega- og samgöngumála, m.a. með þátttöku í erlendu rannsóknasamstarfi, og að koma innlendri og erlendri þekkingu í hagnýt not
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi aðferðir, efnisnotkun og hagkvæmara vinnulag skili sér í staðla og breyttu verklagi, til að auka gæði vegakerfisins og þeirrar þjónustu sem Vegagerðin veitir á hverjum tíma
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi umferðaröryggi skili sér í öruggari umferð á þjóðvegum landsins fyrir alla vegfarendur
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi umhverfi og samfélag skili sér í góðri sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa
- að stuðla að samvinnu þeirra sem bera ábyrgð á og stunda rannsóknir á þessu sviði
- að veita upplýsingar um þessa starfsemi og niðurstöður rannsókna
- að meta niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfsins og nota þær sem grunn fyrir úrbætur

Rannsóknnum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra meginflokka;

- mannvirki
- umferð
- umhverfi
- samfélag

Þrjár fagnefndir eru til ráðgjafar um rannsóknarflokkana, ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Nefndirnar eru skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar og aðilum utan stofnunarinnar. Fyrir úthlutun rannsóknafjár, sem fram fer á fyrstu mánuðum hvers árs, kynna fagnefndirnar áherslusvið innan síns flokks fyrir umsjónarmönnum rannsóknastarfsins. Kallað verður eftir skilgreiningum verkefna í samræmi við það. Einnig er veitt fé til verkefna sem ekki eru ekki innan áherslusviðanna. Lögð er sérstök áhersla á tiltekna efnisflokka til lengri tíma. Rannsóknarráð, skipað af vegamálastjóra leggur fyrir hann tillögur að úthlutun fjárveitinga til einstakra verkefna. Rannsóknarráðið vinnur tillögurnar í samvinnu við umsjónarmenn rannsóknastarfsins og með hliðsjón af áherslum fagnefnda.



Lögð er áhersla á hagnýtar rannsóknir og á nýtingu þekkingar- og gagnaöflunar í starfsemi Vegagerðarinnar, en einnig er gert ráð fyrir að árlega verði hluti rannsóknafjármagns notaður til að styrkja verkefni sem teljast til grunnrannsókna sem tengjast starfsemi stofnunarinnar.

Í sem flestum tilfellum skal í upphafi skilgreina hverjir koma til með að nota niðurstöður úr einstökum rannsóknarverkefnum og gefa þeim tækifæri á að koma að mótun verkefnisins og innleiðingu niðurstaðna.

Rannsóknastefnan er í stöðugri endurskoðun í samræmi við breyttar áherslur og þarfir samfélagsins, sem meðal annars koma fram þegar fagnefndir kynna áherslusvið hvers árs, eins og nefnt er hér að framan.